

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/2742****2025/EES/33/16****frá 18. október 2024****um færslu heitis í skrána yfir verndaðar upprunatáknir og verndaðar landfræðilegar
merkingar (Urbezo (VUT)) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 frá 17. desember 2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 922/72, (EBE) nr. 234/79, (EB) nr. 1037/2001 og (EB) nr. 1234/2007 ⁽¹⁾, einkum 99. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1143 ⁽²⁾ voru m.a. 96. til 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 felldar brott. Í samræmi við 1. og 2. mgr. 90. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1143 gilda þessar greinar áfram um umsóknir um skráningu á landfræðilegum merkingum sem berast framkvæmdastjórninni og eru birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* fyrir 13. maí 2024.
- 2) Í samræmi við 2. og 3. mgr. 97. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, eins og hún gildi áður en reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2117 ⁽³⁾ öðlaðist gildi, hefur framkvæmdastjórnin tekið til meðferðar umsókn sem Spánn sendi um skráningu heitisins „Urbezo“ sem verndaða upprunatáknun og birt hana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* ⁽⁴⁾.
- 3) Framkvæmdastjórninni hefur ekki borist nein yfirlýsing um andmæli skv. 98. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013.
- 4) Í samræmi við 99. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013, eftir því sem við á skv. 5. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/2117, gildir rannsóknarmálsmeðferðin sem um getur í 229. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1308/2013 um ákvarðanir sem varða umsóknir um skráningu sem bárust framkvæmdastjórninni fyrir 7. desember 2021.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/2742, 25.10.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2025 frá 8. maí 2025 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 671, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/1308/oj>

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1143 frá 11. apríl 2024 um landfræðilegar merkingar fyrir vín, brennda drykki og landbúnaðarafurðir sem og hefðbundnar afurðir eða matvæli sem viðurkennt er að hafi tiltekin sérkenni og valkvæð gæðahugtök fyrir landbúnaðarafurðir, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1308/2013, (ESB) 2019/787 og (ESB) 2019/1753 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 1151/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/1143, 23.4.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1143/oj>).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2117 frá 2. desember 2021 um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1308/2013 um sameiginlegt markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir, (ESB) nr. 1151/2012 um gæðakerfi fyrir landbúnaðarafurðir og matvæli, (ESB) nr. 251/2014 um skilgreiningu, lýsingu, kynningu, merkingu og vernd landfræðilegra merkinga á kryddblönduðum vínaforðum og (ESB) nr. 228/2013 um sértækar ráðstafanir vegna landbúnaðar á ystu svæðum Sambandsins (Stjtið ESB L 435, 6.12.2021, bls. 262, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2021/2117/oj>).

(4) Stjtið. ESB C, C/2024/1738, 26.2.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/C/2024/1738/oj>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heitið „Urbezo“ (VUT) er hér með skráð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. október 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Fyrir hönd forsetans,

Janusz WOJCIECHOWSKI

framkvæmdastjóri.
